

20.4.2004

Minnispunktur frá starfsmönnum RALA vegna sameiningar RALA og LBH.

Samstarf þessara stofnana hefur verið með ágætum bæði á sviði kennslu og rannsókna, samanber samstarfssamning þeirra á milli.

1. **Sameining kostar.** Í fylgiskjali með frumvarpi frá fjármálaráðuneyti segir að ekki sé gert ráð fyrir neinum aukakostnaði vegna þessara breytinga. Það er að mati starfsmanna mjög óraunhæft að gera ekki ráð fyrir því að sameiningu fylgi kostnaður a.m.k. fyrstu árin. Hluti starfsmanna mun örugglega ekki þiggja boð um nýtt starf, sem hefur verulegan kostnað í för með sér m.a. vegna biðlauna. Því er ljóst að hætta er á að rannsóknastarfsemin verði skert verulega og fullljóst að endurnýjun starfsfólks verður ekki möguleg. Því er sýnt að starfsemi stofnunarinnar mun skerðast verulega um skeið og hefur lamandi áhrif til langs tíma.
2. **Stoðkerfi.** Á RALA er mjög öflugt stoðkerfi við vísindastarfsemina, eitt það besta á landinu. Nægir þar að nefna fullkomið verkefnabókhald, sem gengur beint inn í alþjóðlegt vísindasamstarf, öflugt fagbókasafn og sterka tölvuþjónustu.
3. **Fjárhagslegt sjálfstæði.** Starfsmenn RALA telja mjög mikilvægt að fjárhagslegt sjálfstæði stofnunarinnar verði tryggt áfram þannig að kennsla verði ekki fjármögnuð á kostnað rannsókna.
4. **Einangrun.** Faglega hefði verið sterkara að horfa til nánara samstarfs og tengingar við Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri og efla þannig samskipti landbúnaðarins við aðra þætti samfélagsins heldur en að setja upp sérstakan skóla, sem stuðlar að einangrun landbúnaðarins frá öðrum þáttum samfélagsins.
5. **Stjórnsýsla.** Það er einkennilegt að starfsmenn eða nemendur hafi engan fulltrúa í væntanlegu háskólaráði. Frá akademísku sjónarmiði er hæpið að ráðherra skipi rektor án tilnefningar.
6. **Bændadeild.** Geta starfsmenn RALA átt von á að vera skikkaðir til kennslu við bændadeild, sem er á framhaldsskólastigi. Hæpið er að háskóli reki framhaldsskólabraut, æskilegt er að starfsemi bændadeildar verði flutt í framhaldsskóla heima í héraði.
7. **Réttindi starfsmanna.** Tryggja þarf með bráðabirgðaákvæði að starfsmenn beggja stofnana haldi öllum sínum réttindum. Sbr. meðfylgjandi tillögu.

Starfsmenn minna á að á kynningarfundum var heitið fullu samráði við undirbúning. Ekkert samband var haft fyrir en Gallup sendir skoðanakönnun sem síðan fást ekki birtar niðurstöður úr. Hefur nefndin lesið niðurstöður skoðanakönnunarinnar?

Starfsmenn RALA eru í nánu samstarfi við margar aðrar stofnanir þar sem starfsmenn og aðstaða eru samnýtt. Flestir starfsmenn eru hlynntir endurskoðun á stofnunum landbúnaðarins þar sem markmiðið væri að efla þá starfsemi sem fram fer í dag. Það er hins vegar okkar skoðun að leggja þurfi upp í þessa vinnu með skýr markmið varðandi málaflokkinn í heild sinni. Að mati starfsmanna eru markmiðin með sameiningunni eins og þau koma fram í frumvarpinu óljós.

Landbúnaðarnefnd 20.4.04

Vegna breytinga á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr.64/1965 með síðari breytingum

Þskj.1336 878-mál 130. löggjafarþing.

Tillaga frá Starfsmönnum Rala, að bráðabirgðarákvæði:

Þeir starfsmenn sem starfa hjá Rannsóknastofnun Landbúnaðarins við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri.

Og sambærilegt ákvæði vegna breytinga á lögum um búnaðarfræðslu.